

Nr. 998

30. september 2020

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulag, Arnarstaðakot, L166219.*

Deiliskipulagið tekur til um 2 ha svæðis innan jarðarinnar Arnarstaðakots. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir núverandi byggingum svæðisins auk þess sem skilgreindir eru byggingarreitir og byggingarheimildir fyrir íbúðarhús, aðstöðuhús og reiðhöll.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. ágúst 2020.

*Deiliskipulag, Hrafnaklettar, L166387.*

Skipulagssvæðið er 2 ha spilda sem skipt hefur verið úr jörðinni Súluholti. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu íbúðarhúsa og skemmu á tveimur byggingarreitum B1 og B2. Innan byggingarreits B1 er heimilt að byggja allt að 150 m<sup>2</sup> íbúðarhús og allt að 300 m<sup>2</sup> skemmu. Innan byggingarreits B2 er núverandi frístundahús, sem gert verður að íbúðarhúsi, og það stækkað í allt að 80 m<sup>2</sup>. Aðkoma að Hrafnaklettum er af Önundarholtsvegi (nr. 311) og núverandi aðkomuvegi að landinu.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. október 2019.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 30. september 2020.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 14. október 2020